

36. sveitarstjórnar Langanesbyggðar, fimmtudaginn 10. nóvember 2011, kl. 17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar á Þórshöfn.

Mætt: Siggeir Stefánsson oddviti, Ævar Marinósson, Steinunn Leósdóttir, Reimar Sigurjónsson, Indriði Þóroddsson, Ólöf K. Arnmundsdóttir, Gunnólfur Lárusson og Helgi Mar Árnason sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við boðun fundarins. Svo var ekki.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 01.11.2011

Lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð samráðsfundar, dags. 05.10.2011

Lögð fram til kynningar.

3. Fundargerð samráðsfundar, dags. 14.10.2011

Lögð fram til kynningar.

4. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28.10.2011

Lögð fram til kynningar.

5. Bréf frá Vímuvarnaráði Langanesbyggðar, dags. 29.10.2011

Í bréfinu lýsir ráðið þungum áhyggjum yfir því að ekkert skipulagt tómstundastarf fyrir ungt fólk fari fram á vegum Langanesbyggðar. Sveitarstjórn þakkar Vímuvarnarráði fyrir bréfið og vísar til bókunar um starf íþróttá- og tómstundafulltrúa frá fundi sveitarstjórnar 1. nóvember 2011.

6. Bréf frá Lionsklúbbsi Húsavíkur, dags. 30.10.2011

Í bréfi er óskað eftir styrk til næstu 5 ára vegna ókeypis ristilspeglunar á svæði HP. *Samþykkt með 6 atkvæðum, 1 sat hjá, að styrkja verkefnið ekki að svo stöddu. Sveitarstjórn lýsir aftur á móti ánægju sinni og þakklæti vegna þessa framtaks Lionsklúbbs Húsavíkur.*

7. Bréf vegna íbúða aldraðra í Miðholti, dags. 20.10.2011

Í bréfinu er óskað eftir því að Langanesbyggð og Svalbarðshreppur bæti aðgengi úr stofum út á verönd við íbúðir aldraða í Miðholti 10.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að gera kostnaðaráætlun um lausnir sem hafðar verði til hliðsjónar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2012.

8. Bréf vegna breyttrar tillögu að aðalskipulagi, dags. 30.09.2011

Lagt fram til kynningar. Samþykkt með 6 atkvæðum gegn 1 að vísa bréfinu til starfshóps um aðalskipulag Langanesbyggðar.

9. Sala á íbúðum Langanesbyggðar

Sveitarstjóri rakti að á þessu ári hefur sveitarfélagið selt 6 íbúðir úr gamla félagslega kerfinu. Sveitarfélagið eigi þá 6 íbúðir eftir í kerfinu. Lagt til að allar íbúðirnar verði auglýstar til sölu, með fyrirvara um aðkomu varasjóðs húsnæðismála.

Samþykkt samhljóða.

10. Snjómokstur í Langanesbyggð

Nokkur umræða um framkvæmd snjómoksturs. Lagt til að sveitarstjóri, ásamt forstöðumanni áhaldahúss, skoði hvernig hagkvæmast er að haga snjómokstri í sveitarfélaginu.

Samþykkt samhljóða.

11. Fjárhagsyfirlit Langanesbyggðar janúar – september 2011

Skrifstofustjóri LNB fór yfir fjárhagsyfirlit sveitarfélagsins fyrir fyrstu 9 mánuði ársins. Fram kom að fjárhagsstaða sveitarfélagsins hefur versnað verulega á árinu, fyrst og fremst vegna skerðingar á tekjum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, hækkandi fjármagnsgjalda og halla á rekstri hjúkrunar- og dvalarheimilisins Nausts. Sveitarstjóri kynnti tillögur að niðurskurðar-, hagræðingar- og sparnaðaraðgerðum sem hafðar verða til hliðsjónar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2012.

Umræður um fjármál sveitarfélagsins. Oddvita, sveitarstjóra og skrifstofustjóra falið að vinna frekar að sparnðar-, niðurskurðar- og tekjuaukningartillögum og kynna á aukafundi í sveitarstjórn sem allra fyrst.

Samþykkt samhljóða.

Steinunn vék af fundi kl. 18.30

12. Bréf frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 21.09.2011

Í bréfinu óskar sýslumaður eftir afskriftum, samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum.
Samþykkt samhljóða.

13. Styrkbeiðni

Trúnaðarmál, fært í trúnaðarbók.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:40.